



Nefndasvið Alþingis
B.t. Umhverfis- og samgöngunefnd,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Sent með tölvupósti á netfangið
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 29. apríl 2021

Efni: Umsögn Slysavarnafélagsins Landsbjargar um frumvarp til laga um áhafnir skipa, 701. mál.

Slysavarnafélagið Landsbjörg (félagið) ítrekar athugasemdir sínar sem sendar voru inn í samráðsgátt 3. Mars 2021 er varða heimild eigenda smáskipa til þessa að vera einir um borð í skipum sínum þótt útivist fari yfir 14 klst.

í 16. gr. lagafrumvarps um áhafnir skipa segir í a. lið „Á skipi sem er 15 metrar að skráningarlengd og styttra má skipstjóri vera hinn sami og smáskipavélavörður sé hann eini réttindamaðurinn í áhöfn enda sé útivist þess styttri en 14 klst. á hverju 24 klst. tímabili. Fari útivist skipsins yfir 14 klst. skal auk þess vera stýrimaður sem má jafnframt gegna störfum smáskipavélavaraðar. Skulu skipstjóri og stýrimaður þá hafa tilskilin réttindi til að gegna stöðu smáskipavélavaraðar. Þegar eigandi skips samkvæmt skipaskrá er lögskráður sem skipstjóri og er einn um borð þarf ekki stýrimann þótt útivist fari yfir 14 klst“.

Vill félagið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við heimild eigenda til útiveru umfram 14 klst sem eini lögskráði aðilinn um borð í smáskipi sínu.


Í 5. kafla frumvarpsdraganna er sérstaklega farið yfir það hvernig staðið var að samráði varðandi þær ábendingar sem bárust í samráðsgátt stjórnvalda. Sætir það nokkurri furðu félagsins að einungis virðist hafa verið horft til þess hvaða reglur gilda í Noregi varðandi þetta málefni, en ekki orði minnst á samantektir og ítrekaðar athugasemdir rannsóknaneftndar samgönguslysa um varðstöðu skipstjórnarmanna á smáskipum í óhöppum tengdum því að þeir eða aðrir áhafnameðlimir sofni eftir langa útiveru. Félaginu þykkir áfram fullkomlega ósannað að eigendur skipa séu betur fallnir til þess að halda dyggan útvörð á siglingu en aðrir skipstjórnarmenn. Aukinheldur sé ekki einungis verið að ræða um smábáta sem sækja sjaldan til sjávar á þeim tíma sem veður eru verst á Íslandsmiðum, heldur er

hér verið að veita eigendum 15 metra langra skipa heimild án takmarkana til vöku árið um kring.

Vill því félagið ítreka fyrri afstöðu sína um að ekki sé hægt að fallast á að rökrétt sé að eigendur smáskipa séu betur til þess fallnir að halda dyggan útvörð við siglingu frekar en aðrir skipstjórar/stýrimenn. Því óskar félagið eftir því að þessi texti og annað orðalag tengt útiveru eigenda skipa umfram 14 klst. verði felldur út með það fyrir augum að koma í veg fyrir frekari tíðni slysa er varðar langar vökur skipstjórnarmanna, hvort sem það eru eigendur skipa eður ei.

Virðingarfyllt

f.h. Slysavarnafélagsins Landsbjargar



Kristján Þór Harðarson
framkvæmdastjóri